

## **Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um fyrrverandi slökkviliðsmenn sem veikjast af starfstengdum sjúkdómi – MSS22080170**

Pann 26. ágúst 2022 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, dags. 25. ágúst 2022.

Eftirfarandi er svar slökkviliðsins.

### **Fyrirspurnin**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig haldið er utan um fyrrverandi slökkviliðsmenn sem glíma við sjúkdóma sem eru afleiðing af starfi þeirra. Er það rétt að reynslumiklum slökkviliðsmönnum hjá SHS séu boðnir starfslokasamningar en ekki hlutastarf eins og væri hægt að gera? Óskað er jafnframt upplýsinga um hvort slökkviliðið og Reykjavíkurborg styðji fyrrverandi slökkviliðsmenn sem veikst hafa af starfstengdum sjúkdómi fjárhagslega t.d. með styrkjum vegna lyfjakostnaðar Reykjavíkurborg og sveitarfélögin í kring reka slökkvilið, vinnustað sem telja má að sé einn sá áhættumesti bæði hvað varðar líf og heilsu slökkviliðsmannanna. Sterk tengsl eru samkvæmt rannsóknum á milli sjúkdóma eins og öndunarfærasjúkdóma og krabbameins við störf í slökkviliðinu. Sum eiturefni taka tíma að mynda meinvörp. Einkenni koma kannski seint í ljós. Slökkvilið víða hafa þess vegna verið að breyta vinnuferlum hjá sér m.a. til að sporna við að slökkviliðsmenn dvelji með mengandi efnum. Íslenskir slökkviliðsmenn eru þar ekki undanskildir. Flokkur fólksins hefur upplýsingar um að hjá Slökkviliði Reykjavíkur er reyndum starfsmönnum boðið starfslokasamningar um leið og færi gefst, t.d. vegna 95 ára reglunnar.

---

### **Inngangur**

Á síðustu árum hafa verið að koma fram rannsóknir sem sýna fram á aukna hættu hjá slökkviliðsmönnum við ákveðnum tegundum af sjúkdómum, sem leiða megi til starfs þeirra. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur frá upphafi tekið þessi mál alvarlega, átt mikið og gott samstarf við sína slökkviliðsmenn og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS). Þá hefur trúnaðarlæknir SHS komið að ákveðnum þáttum vegna þessa.

Að vissu leyti má segja að ráðstefna sem haldin var af LSS, SHS og krabbameinsfélaginu í mars árið 2012 hafi verið ákveðinn vendipunktur héraendis. Í kjölfarið var gefinn út bæklingur af LSS, styrktur af SHS, leiðbeiningar settar upp á öllum starfsstöðvum SHS o.s.frv. Þá hefur SHS verið með sérstaka nefnd innanhúss, sent starfsmenn á ráðstefnur erlendis og styrkt komu að aðila hingað til lands.

Afraksturinn hefur meðal annars verið sá að nýr slökkvibúnaður var tekinn í notkun á nýjum slökkvibifreiðum SHS árið 2019. Nýr og betri hlífðarbúnaður hefur verið tekinn í notkun og nýtt verklag tekið upp varðandi slökkvistarf og frágang eftir það, meðal annars á persónulegum hlífðarfatnaði. Þá hafa nýjar og öflugri þvottavélar verið keyptar á allar starfsstöðvagnar. Fræðsla um málefnið hefur verið aukin og er komin inn í fornám fyrir nýliða hjá SHS.

Hér að neðan eru nánari svör við þeim spurningum sem koma fram í fyrirspurninni.

### **Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig haldið er utan um fyrrverandi slökkviliðsmenn sem glíma við sjúkdóma sem eru afleiðing af starfi þeirra.**

Ekki er sérstaklega haldið utan um veikindi fyrrverandi slökkviliðsmanna af hálfu SHS, þó ýmis vitneskja sé að sjálfsögðu til, enda töluvert samband milli fyrrverandi slökkviliðsmanna og SHS.

**Er það rétt að reynslumiklum slökkviliðsmönnum hjá SHS séu boðnir starfslokasamningar en ekki hlutastarf eins og væri hægt að gera?**

Ábyrgð slökkviliðsins liggur í að það hafi ávallt á að skipa hæfu fólki sem getur tekist á við hinar flóknustu aðstæður, bæði hvað varðar slökkvistarf og sjúkraflutninga. Miklar kröfur eru gerðar til starfsfólks, ekki síst til að tryggja öryggi þess sem best, bæði hvað varðar líkamlegt atgervi og þjálfun.

Starfsfólki sem er komið að lokum starfsævinnar hefur staðið til boða starfslokasamningar, meðal annars á grundvelli 95 ára reglunnar. Samningarnir hafa gengið út frá að viðkomandi hætti störfum hjá SHS. Það hefur verið mat slökkviliðsins að ef starfsfólk treystir sér ekki í fullt starf vegna aldurs geti slökkviliðið ekki tryggt öryggi starfsmanns með viðunandi hætti, þar sem tækifæri til þjálfunar og æfinga minnka mikið. Önnur störf innan SHS fyrir starfsfólk sem vill hætta í vaktavinnu og að sinna útkallsþjónustu eru ekki mörg, en nokkrir eldri starfsmenn eru þó í slíkum störfum.

**Óskað er jafnframt upplýsinga um hvort slökkviliðið og Reykjavíkurborg styðji fyrrverandi slökkviliðsmenn sem veikst hafa af starfstengdum sjúkdómi fjárhagslega t.d. með styrkjum vegna lyfjakostnaðar Reykjavíkurborg og sveitarfélögin í kring reka slökkvilið, vinnustað sem telja má að sé einn sá áhættumesti bæði hvað varðar líf og heilsu slökkviliðsmannanna.**

Ekki hefur verið um styrki að ræða eða þátttöku í kostnaði vegna veikinda fyrrverandi slökkviliðsmanna.